



Samráðsgátt stjórnvalda, fjármála- og efnahagsráðuneyti

Reykjavík, 30. september 2021

Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á lögum 7/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir

Ofangreind frumvarpsdrög eru í samráðsgátt stjórnvalda. Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) gera ekki athugasemd við efni frumvarpsdraganna. Samtökin vilja hins vegar vekja athygli að þörf er á því að setja í lög sérstakt ákvæði sem heimilar útreikning vaxtavaxta til samræmis við þær breytingar sem leiða kunna af frumvarpinu og lögum 7/2021, verði frumvarpið samþykkt. Einn megintilgangur þessarar löggjafar, sem er innleiðing Evrópulöggjafar, er að í stað eldri vaxtaviðmiðana sem byggjast tilboðum á millibankamarkaði komi vaxtaviðmiðanir sem byggjast á raunverulegum viðskiptum. Hinar nýju vaxtaviðmiðanir, þegar þær koma til framkvæmda, munu bæði taka til gildandi lánsamninga og nýrra. Gildandi lánsamningar eru af ýmsum toga, bæði millibankalán en einnig lán til almennings með vaxtaviðmiði við vexti á millibankamarkaði (Libor, Reibor o.s.frv). Vextir í tilboðum á millibankamarkaði hafa verið með ýmissri tímalengd, allt frá einum degi upp í 12 mánuði og samningsaðilar hafa valið þá tímalengd sem samsvarar tímalengd milli gjalddaga.

Svo virðist sem í einhverjum tilvikum muni vaxtaviðmiðanir sem byggjast á daglánavöxtum seðlabanka leysa af hólmi eldri viðmið byggð á millbankavöxtum (tilboðum). Daglánavextir seðlabanka eru almennt reiknaðir daglega og skuldfærðir. Álitamál vakna þegar nota á vexti sem byggja á daglegri skuldfærslu í samningum þar sem vaxtafærsla er mánaðarleg eða 3ja mánaða fresti, svo dæmi sé tekið: Á að reikna einfalt meðaltal daglegra vaxta á vaxtatímabilinu eða á að vaxtavaxtareikna daglegu vextina? Vextir með daglegri vaxtafærslu eru ákveðnir útfrá þeirri forsendu að þeim sé bætt við höfustól skuldar daglega.

Þessi mál hafa verið til skoðunar í þeim löndum sem nú undirbúa breytingar á vaxtaviðmiðunum og jafnframt hjá alþjóðasamtökum eins og ISDA (International Swap and derivatives association). Svo virðist sem vaxtavaxtareikningur verði valinn við útreikning lána þar sem vaxtatímabil lánsins er lengra en einn dagur en vaxtaviðmiðunin eins dags vextir. Rökin sem hafa verið færð fyrir þessari nálgun eru þau að undirliggjandi fjármögnun er einungis til eins dags í senn, á meðan vaxtatímabil útláns getur verið til mun lengri tíma í senn. Til þess að samræmi sé þarna á milli er rétt að reikna vexti yfir lengra vaxtatímabil með vaxtavöxtum, þar sem sú aðferðafræði endurspeglar fjármögnun lánsins best.

Lög um vexti og verðtryggingu nr 38/2001 hafa að geyma ákvæði sem takmarka töku vaxtavaxta. Í 1. mgr. 12. gr. segir: „Sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir skulu þeir lagðir við höfuðstól og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð. Ekki skal bæta vöxtum við höfuðstól oftast en á tólf mánaða fresti, nema um sé að ræða innlánsreikninga lánastofnana.“ Að mati Samtaka fjármálafyrirtækja er því þörf að undanþáguákvæði sem heimilar tíðari færslu vaxta á lánunum sem eru með vaxtaviðmiði í peningamarkaðsvöxtum. Samtökin gera það að tillögu sinni að slíku ákvæði verði bætt inn í

frumvarpsdrögin. Efnislega fæli slíkt ákvæði í sér undanþágu frá 12. gr. vaxtalaga þannig að heimilt væri að leggja vexti við höfuðstól og reikna vexti af samanlagðri fjárhæð (reikna vaxtavexti og þyrfti undanþáguákvæðið að heimila **að vaxtavaxta þegar vaxtaviðmiðið er með tíðari skuldfærslu vaxta en gjalddagar lánsins þannig að vextir lánsins milli gjalddaga verði þeir sömu og ávöxtun vaxtaviðmiðsins á sama tímabili.**

Verði undanþága af þessu tagi ekki lögfest yrði framkvæmd og útfærsla vaxtaviðmiðana hér á landi önnur en í nágrannalöndum. Slíkt myndi valda ruglingi og misskilningi í samskiptum við lántaka, innlenda og erlenda. Slíkt yrði afar bagalegt og myndi torvela lántökum að bera saman lánstilboð. Nauðsynlegt er að hér á landi verði leyfðar sömu útreikingsaðferðir og beitt verður erlendis í sambærilegum lánsviðskiptum.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur